

## Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

### 3. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, fimmtudaginn 8. desember 2022 kl. 15:30. Haldinn í kennslustofu 5. bekkjar í færanlegu kennsluhúsnæði skólans.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Kristín Bergmann og María Ósk Ólafsdóttir fulltrúar kennara, Bergdís Bergsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Guðjón Bjarni Hálfánarson og Smári Hallgrímsson fulltrúar foreldra, Ragna Fanney Róbertsdóttir og Stefán Darri Jóhannsson fulltrúar nemenda. Fulltrúi grenndarsamfélagsins, Gunnar Bragi Þorsteinsson boðaði forföll.

Fundargerð: María Ósk Ólafsdóttir

#### 1. Kynning á fulltrúum

Hilmar bauð fulltrúa skólaráðs Stekkjaskóla skólaárið 2022-2023 velkomna á þennan fyrsta fund skólaársins. Bauð hann sérstaklega velkomna fulltrúa nemenda sem sitja sinn fyrsta fund í skólaráði. Fulltrúar kynntu sig.

Fulltrúar skólaráðs skólaárið 2022-2023:

		Varamenn:
• Skólastjóri:	Hilmar Björgvinsson	Ástrós Rún Sigurðadóttir
• Fulltrúar kennara:	Guðný Lára Gunnarsdóttir	Kristín Bergmann
	María Ósk Ólafsdóttir	Jónína Ósk Lárusdóttir
• Fulltrúi annarra starfsmanna:	Soffía Magnúsdóttir	Bergdís Bergsdóttir
• Fulltrúar foreldra:	Guðjón Bjarni Hálfánarson	Pétur Aðalsteinsson
	Smári Hallgrímsson	Eva María Pétursdóttir
• Fulltrúar nemenda	Ragna Fanney Róbertsdóttir	Elín Aðalheiður Snorráð.
	Stefán Darri Jóhannsson	Hákon Darri Guðjónsson
• Fulltrúi grenndarsamfélagsins	Gunnar Bragi Þorsteinsson	

Það vantar varamann fyrir fulltrúa grenndarsamfélagsins.

Finna þarf einhvern sem hefur áhuga á skólamálu og á velferð barna. Nokkrar tillögur komu fram á fundinum. Stefnt að því að finna varamann fyrir næsta fund.

#### 2. Hlutverk skólaráðs og starfsáætlun

Hilmar fór lauslega yfir hlutverk skólaráðs og drög að starfsáætlun en samkvæmt 4. gr. um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008 skal skólaráð setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn. Skólaráð skal meðal annars hafa einn opin fund á hverju skólaári.

Aðeins velt upp hver aðkoma skólaráðs í stefnumótun skólans skuli vera og þeirri vinnu sem fer fram innan skólans. Gott að setja niður hvað er búið að innleiða, hvað langar okkur að

innleiða og aðkomu skólaráðs að hverju málefni. Gott að hafa þetta í huga til að vinnan sé skilvirk og að allir viti hvers er ætlast til af þeim. Mikilvægt er að virkja skólaráð meira, eins er gott að senda fundargerðir á skólaráð eftir hvern stefnumótunarfund þannig að fólk sé meira með á nótunum og geti tekið meiri þátt. Það eru ekki margir skólaráðsfundir á hverju skólaári.

Til að virkja skólaráðið sem mest þá gæti verið gott að boða fulltrúa skólaráðs á fundi þegar stefnumótunarvinna fer fram innan skólans.

Niðurstaðan eftir umræður var að senda skuli reglulega stöðuuppfærslu á skólaráð hvernig verkefni þessu tengdu standa innan skólans til að fulltrúar í skólaráði séu vel upplýsir og geti komið undirbúnir fyrir fundi skólaráðs. Eins verður fulltrúum ráðsins boðið að koma á stefnumótunarfundi skólans.

Hilmar upplýsti að nú þegar væri búið að ákveða að bjóða foreldrum og nemendum að koma á vinnufundi í vetur/vor þar sem vinna á með gildi (einkunnarorð) skólans og þau valin fyrir skólalok.

Hugmynd frá nemendum að það sé bangsadagur um leið og það er náttfatadagur núna 16.12.22. Tillagan var samþykkt.

Starfsáætlun skólaársins: Sjá fylgiskjal

Umræða um það sem á að vera á hverjum fundi.

### **3. Fundartími skólaráðs**

Ákveðið að hafa fundi skólaráðs á þriðjudögum eða fimmtudögum kl. 14:30. Einnig var ákveðið að hafa þriðja fund skólaársins að morgni kl. 8:30.

Allir sammála um að fundartími skiptir ekki miklu máli ef það er góður fyrirvari á fundarboðinu.

### **4. Staða framkvæmda við nýbyggingu Stekkjaskóla**

Gert er ráð fyrir því að við flytjum inn í nýtt húsnæði í janúar, vonandi um miðjan mánuðinn. Framkvæmdir ganga vel og er skólalóðin nær tilbúin.

### **5. Fjárhagsáætlun 2023**

Hilmar gerði grein fyrir fjárhagsáætlunarvinnu ársins 2023. Margir óvissuþættir, líkt og fjöldi nemenda og ýmis kostnaður vegna reksturs nýs skóla.

Skólanum var gert að spara um 3% frá upphaflegri áætlun og var farið yfir hvernig það var útfært.

## 6. Önnur mál

Guðjón veltir því upp hvernig best sé að hafa umgengi um gögn skólaráðs. Spurning um að hafa þau á sameiginlegu svæði á netinu svo ekki sé verið að senda fundargerðir og gögn á milli í tölvupósti.

Hilmar fær Leif verkefnastjóra UT til að skoða þetta með sér. Gott að hafa öll gögn á sama stað, til að hafa þau sem aðgengilegust.

Umræða um uppbrotsdaga hvað þeir eru margir og hvernig þeim sé háttað.

Rætt um að kynna fulltrúa nemenda í skólaráði vikuna fyrir næsta fund og gefa nemendum skólans kost á að koma með málefni á þann fund.

**Næsti fundur 23. febrúar 2023 kl. 14:30**

Fundi slitið kl. 16:53

MÓÓ/HB